

16. október 2014

Sjóðurinn „Forritarar framtíðarinnar“ er samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum landsins. Um er að ræða samstarfsverkefni Skema og aðila atvinnulífsins. Sjóðurinn fagnar þingsályktunartillögu Alþingis um að skapa á Íslandi vistkerfi eins og best verður á kosið til hagnýtingar internetsins og verndunar réttinda netnotenda.

Ísland stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að það er skortur á upplýsingatæknimenntuðu fólki í landinu. Háskólar útskrifa tæknimenntað fólk sem annar um það bil 50% eftirspurnar atvinnulífsins. Við teljum að á næstu árum sé því þörf fyrir að minnsta kosti 100% aukningu á þessu sviði til þess að brúa bilið.

Mikill skortur er á tækni- og tölvukennslu í grunn- og framhaldsskólum landsins. Þá er búnaður margra skóla gamall og úreltur. Þótt börn og unglingar verji miklum tíma í notkun tækni er nauðsynlegt að þau fái þá þjálfun og þekkingu sem þarf til þess að þau geti nýtt sér tæknina í víðari skilningi. Til að bregðast við ofangreindu var sjóðurinn „Forritarar framtíðarinnar“ stofnaður. Markmið sjóðsins er að ýta undir áhuga á meðal barna og unglunga á forritun með því að styðja við forritunarnámsskeið í grunn- og framhaldsskólum og með styrkjum til tækjakaupa og menntun kennara.

Í greinargerð starfshóps iðnaðar- og viðskiptaráherra sem fylgir með þingsályktunartillögunni er m.a. fjallað um tillögu til eflingar og uppbyggingar mannauðs í landinu sem er samkeppnishæfur á alþjóðavísu. Þótt að tillögurnar séu hjálplegar teljum við að ganga þurfi enn lengra og horfa til lengri tíma. Þannig teljum við nauðsynlegt að byrja strax á grunnskólastigi að undirbúa jarðvegin og setja tölvulæsi í kennsluskrá og öllum skólastigum sem koma á eftir. Æskilegt væri að nemendur grunnskóla myndu læra forritun rétt eins og þau læra stærðfræði eða ensku. Í raun er verið að kalla eftir strúktúrbreytingu á skólakerfinu þar sem vægi tæknikennslu er stórukið. Í dag er því þannig háttað að í fyrsta til tíunda bekk er einungis 2,68% af vikulegum kennslutíma ráðstafað í upplýsinga- og tæknimenntun. Menntakerfið er hvorki á grunnskóla- né framhaldsskólastigi að skila nemendum út í samfélagið með næga tæknilega hæfni. Það er trú okkar að aukin færni og hæfni nemenda muni skila sér út í atvinnulífið í formi aukinnar nýsköpunar.

Gott er að horfa til annarra sviða þar sem strúktúr breytingar hafa verið gerðar og hafa skilað sér í undraverðum árangri. Nærtækt dæmi í þeim efnum er að árið 2000 ýtti KSÍ úr vör umfangsmiklum breytingum með sérstakri áherslu á að

bæta aðstöðu ungra knattspyrnuleikmanna. Til að styðja við þessa stefnu var lögð áhersla á að tryggja skyldi að hægt yrði að bjóða upp á fótboltaþjálfun allt árið í kring. Þannig voru tryggðir fjármunir til uppbyggingar sparkvalla um allt land nærri skólum auk stærri yfirbyggðra æfingarvalla. Jafnframt voru stóráuknir fjármunir settir í fagþjálfun þannig að þjálfarar með UEFA réttindi eru í dag sjö sinnum fleiri en árið 2000. Þessar aðgerðir hafa rutt brautina fyrir þeim undraverða árangri sem lítil þjóð út í ballarhafi hefur náð með bæði kvenna- og karlalandsliðið í fótbolta á undanförunum árum.

Einnig er áhugavert að horfa til þess uppbyggingarstarfs sem Icelandair hefur staðið fyrir undanfarin ár með stuðningi sínum við Food & Fun hátíðina og Iceland Airways. Í gegnum þessa viðburði hafa íslenskir matreiðslumenn komist í tengsl við sérfræðinga sem eru fremstir á sínu sviði og þeir hafa getað lært af sem aftur hefur gjörbreytt íslenskri matarhúsamenningu á nokkrum árum til hins betra. Iceland Airways hátíðin hefur virkað á nákvæmlega sama hátt en hún hefur virkað sem hvatning fyrir íslenskt tónlistarfólk, komið íslenskum tónlistarmönnum á framfæri gagnvart erlendum umboðsmönnum og gert þeim auðveldara að markaðssetja sína tónlist erlendis.

Í þessu ljósi teljum við að til að styðja við þau góðu áform sem lýst er í þingsályktunartillögunni þurfi að gera menntun framtíðar mannaúðs landsins enn hærra undir höfði með því að setja aukna fjármuni í tækniþjálfun kennara, tæknimenntun á öllum skólastigum og þann tæknibúnað sem nemendur og kennarar þurfa til að bæta skólastarfið

F.h. stjórnar Forritara framtíðarinnar  
Guðmundur Tómas Axelsson markaðsstjóri RB (Reiknistofu bankanna)

[Skilmálar/Disclaimer](#)